

**1104. fundur bæjarráðs Ísafjarðarbæjar
haldinn í fjarfundarbúnaði, 4. maí 2020 og hófst hann kl. 08:05.**

Fundinn sátu:

Arna Lára Jónsdóttir aðalmaður, Marzellíus Sveinbjörnsson varaformaður og Daníel Jakobsson formaður.

Embættismenn:

Birgir Gunnarsson, bæjarstjóri og Bryndís Ósk Jónsdóttir, bæjarritari.

Fundargerð ritaði: Bryndís Ósk Jónsdóttir, bæjarritari.

Vegna Covid-19 fer fundur fram í gegnum Zoom fjarfundabúnað

Dagskrá:

1. Dagskrár og verkefni bæjarráðs - 2019050047

Farið yfir verkefnalista bæjarráðs.

Verkefnalisti yfirfarinn.

2. Ársreikningur Ísafjarðarbæjar 2019 - 2019110062

Lögð fram til kynningar drög að ársreikningum B-hluta stofnana Ísafjarðarbæjar 2019.

Lagt fram til kynningar.

Umræður fóru fram um ársreikninga hverrar stofnunar Ísafjarðarbæjar.

Gestir

Edda María Hagalín, fjármálastjóri - 08:13

3. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2020 - 2020010031

Lagður fram viðauki 6 við fjárhagsáætlun 2020. Um er að ræða stöðugildi verkefnastjóra á Flateyri og er kostnaður sveitarfélagsins um 3,4 m.kr. Þessum kostnaði er mætt með lækkun á ófyrirséðum kostnaði og lækkun á handbæru fé. Áhrif viðaukans á rekstrarniðurstöður samantekins A og B hluta Ísafjarðarbæjar er því lækkun afgangss um kr. 2.263.035,- eða úr afgangi kr. 168.000.000,- í kr. 165.736.965. Áhrifin á sveitasjóð A hluta er lækkun afgangss kr. 2.263.035,- eða úr kr. 24.000.000,- í kr. 21.736.965,-

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja viðaukann.

4. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2020 - 2020010031

Lagður fram viðauki 7 við fjárhagsáætlun 2020. Um er að ræða útboð á ferðaþjónustu fatlaðra sem leiðir til aukins kostnaðar um 3,6 m.kr. Þessum kostnaði er mætt með lækkun á handbæru fé. Áhrif viðaukans á rekstrarniðurstöður samantekins A og B hluta Ísafjarðarbæjar er því lækkun afgangss um kr. 3.579.627,- eða úr afgangi kr. 165.736.965,- í kr. 162.157.338,-. Áhrifin á sveitasjóð A hluta er lækkun afgangss kr. 3.579.627,- eða úr kr.

21.736.965,- í kr. 18.157.388,-

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja viðaukann.

5. Ferðapjónusta fatlaðra í Ísafjarðarbæ 2020 - 2024 - 2020040011

Lagt er fram bréf Axels Rodriguez Överby, sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs, dagsett 30. apríl 2020, vegna útboðs á ferðapjónustu fatlaðra í Skutulsfirði, Ísafjarðarbæ, þar sem lagt er til að samið verði við Vestfirskar Ævintýraferðir ehf. um verkið, á grundvelli tilboðs þeirra.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja tilboð Vestfirska Ævintýraferða ehf.

6. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga - ný greiðsluáætlun 2020 - 2020040015

Lagður fram tölvupóstur Guðna Geirs Einarssonar, sérfræðings á skrifstofu sveitarfélaga og byggðamála, f.h. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, dags. 28. apríl sl., vegna upplýsinga um lækkun mánaðarlegra greiðslna vegna útgjaldajöfnunarframlaga og framlaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti.

Lagt fram til kynningar.

Edda María Hagalín, fjármálastjóri yfirgefur fundinn 8:42.

7. Snjómokstur Ísafirði og Hnífsdal, útboð. - 2019100083

Kynnt drög að útboði frá Axel R. Överby, sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs, dags. 30. apríl sl., vegna vetrarþjónustu í Skutulsfirði og Hnífsdal.

Lagt fram til kynningar.

Bæjarráð felur Axel R. Överby, sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs að gera breytingar í samræmi við umræður, áður en verkið verður boðið út.

Gestir

Axel R. Överby, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs, og Eypór Guðmundsson, innkaupastjóri - 08:44

Axel R. Överby og Eypór Guðmundsson yfirgefa fundinn kl. 9:02.

8. Skapandi sumarstörf - 2019100027

Lagt fram til kynningar minnisblað Stefaníu Helgu Ásmundsdóttur, sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs, vegna skapandi sumarstarfa fyrir ungmenni 17-25 ára.

Lagt fram til kynningar.

Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og óskar eftir því að unnið verði áfram með verkefnið.

9. COVID-19 2020 - 2020030086

Lagt fram til kynningar minnisblað Stefaníu Ásmundsdóttur, sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs, um hugmyndir að fjölgun sumarstarfa fyrir ungmenni 17-25 ára.

Lagt fram til kynningar.

Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og óskar eftir því að unnið verði áfram með verkefnið.

10. COVID-19 2020 - 2020030086

Lagt fram til kynningar minnisblað Stefaníu Helgu Ásmundsdóttur, sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs, er varðar reikning frá Hjallastefnunni vegna leikskólagjalda.

Bæjarráð samþykkir að endurgreiða leikskólagjöld til Hjallastefnunnar til samræmis við endurgreiðslu Ísafjarðarbæjar vegna annarra leikskóla í sveitarfélaginu vegna Covid-19.

11. Íbúð Hlíf II, fnr. 212-0704 - 2020040058

Lagður fram tölvupóstur frá Braga Þór Thoroddsen, sveitarstjóra Súðavíkurbrepps, dags. 30. apríl sl., ásamt upplýsingum frá Domusnova fasteignasölu um fasteignina Hlíf II, fnr. 2120704, þar sem Ísafjarðarbæ er boðin fasteignin til kaups.

Bæjarráð þakkar boðið en sér sér ekki fært að verða við boðinu.

12. Lýðskólinn á Flateyri - 2016110085

Kynntur tölvupóstur Óttars Guðjónssonar, f.h. stjórnar Nemendagarða lýðskólans á Flateyri, dags. 24. apríl 2020, þar sem óskað er eftir styrk vegna endurbóta húsnæðis Nemendagarða lýðskólans.

Lagt fram til kynningar.

Bæjarstjóra falið að vinna málið áfram.

13. Afleiðingar Covid-19 á strandveiðar - 2020040056

Lagður fram tölvupóstur Arnar Pálssonar, dags. 14. apríl sl., ásamt bréfi Eldingar - félags smábátaeigenda í Ísafjarðarsýslum og Landssambandi smábátaeiganda, dags. s.d., þar sem óskað er eftir liðsinni bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar við erindi Landssambands smábátaeigenda við tímabundnum breytingum á reglum um strandveiðar, vegna Covid-19

Lagt fram til kynningar.

14. Láganes - Aurora Arktika - beiðni vegna hafnargjalda 2020 - 2020040031

Lagður fram tölvupóstur Sigurðar Jónssonar, f.h. Láganess ehf. (Aurora Arktika), dags. 7. apríl sl., er varðar beiðni um frestun eða afslátt af hafnargjöldum vegna heimsfaraldurs kórónuveiru.

Hafnarstjórn vísar beiðninni til bæjarráðs og óskar eftir tillögum um með hvaða hætti er hægt að koma til móts við ferðaþjónustufyrirtæki á höfninni.

Lagt fram til kynningar.

Bæjarstjóra falið að vinna málið áfram.

15. Kórónaveiran COVID-19 - 2020030054

Lagður fram til kynningar tölvupóstur Guðrúnar Stellu Gissurardóttur, forstöðumanns, f.h. Vinnumálastofnunar á Vestfjörðum, dags. 29. apríl sl., ásamt

mánaðarskýrslu, þar sem upplýst er um tölfræði vegna umsókna hjá Vinnumálastofnun á Vestfjörðum til 28. apríl sl.

Lagt fram til kynningar.

16. Fundargerðir 2019-2020 - Samband íslenskra sveitarfélaga - 2019090035

Lagður fram til kynningar tölvupóstur Vals Rafns Halldórssonar, sviðsstjóra rekstrar- og útgáfusviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 27. apríl sl., ásamt fundargerð 880. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var föstudaginn 24. apríl sl.

Lagt fram til kynningar.

17. Umhverfis- og framkvæmdanefnd - 96 - 2004017F

Lögð fram fundargerð 96. fundar umhverfis- og framkvæmdanefndar, sem fram fór 28. apríl 2020. Fundargerðin er í sex liðum.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

18. Hafnarstjórn - 211 - 2004013F

Lögð fram fundargerð 2011. fundar fræðslunefndar, sem fram fór 27. apríl 2020. Fundargerðin er í tíu liðum.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 9:26

Arna Lára Jónsdóttir

Marzellíus Sveinbjörnsson

Daníel Jakobsson

Birgir Gunnarsson

Bryndís Ósk Jónsdóttir